

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Austurlandssvæði.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum með stoð í þeim, er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald	kr. 17.500
Gjald vegna rannsóknar á neysluvatnssýni, skv. eftirlitsáætlun	kr. 34.000
Gjald vegna rannsókna á öðrum sýnum, skv. eftirlitsáætlun	kr. 25.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglu-bundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Eftirlitsaðila er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Heimilt er að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið s.s. vegna takmarkaðrar starfsemi, vottaðs gæðakerfis eða öflugs innra eftirlits og lækka gjaldið til samræmis.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Um starfsemi sem er eftirlitsskyld og ekki kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, greiðist eftirlits-gjald eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

#### 3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi og starfsemi sem telst skráningarskyld skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi, stað-festingu á skráningu og þjónustu sem hér segir:

##### Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald, skráningargjald og eftirlitsgjald í samræmi við viðkomandi fyrirtækjaflokk ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	kr. 32.000
--	------------

##### Endurnýjun og/eða breyting á starfsleyfi:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á.	kr. 24.000
---	------------

##### Önnur starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun, t.d. tóbakssöluleyfi:

Starfsleyfisgjald, skráningargjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	kr. 32.000
---	------------

##### Endurnýjun annarra leyfa, sbr. hér að ofan:

Starfsleyfisgjald	kr. 24.000
-------------------	------------

##### Fyrir leyfi útgefin vegna sölu á útimörkuðum eða aðra skammtíma starfsemi:

Leyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks eða gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	kr. 24.000
---	------------

## 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag óski rekstraraðilar eftir og skal það þá gert skriflega.

## 5. gr.

Fyrir vottorð og umsagnir sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum skal greiða eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Austurlands er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra eins og um þjónustuverkefni sé að ræða, nema um annað hafi verið samið.

## 6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda vegna fyrirtækja með reglubundna starfsemi.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir tímabundna starfsemi, leyfi, vottorð, sýnatökur umfram eftirlitsáætlun og önnur þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

## 7. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund eftirlitsskyldrar starfsemi á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald. Gjaldið reiknast þannig að tími sem áætlaður er í hverja tegund fyrirtækjaflokks er lagður saman, en einungis eitt akstursgjald tekið, enda sé unnt að samnýta ferðir til eftirlits í allar tegundir umræddrar starfsemi.

## 8. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórn Byggðasamlags um Heilbrigðiseftirlit Austurlands og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum á aðalfundi HAUST 6. nóvember 2024 með vísun til ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 146/2024.

*F.h. heilbrigðisnefndar Austurlands, 2. janúar 2025,*

**Lára Guðmundsdóttir,**  
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

**Fylgiskjal.**

## VIÐAUKI A

Ísat-nr.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Fjöldi sýna innfalinn	Árlegt eftirlits- gjald, kr.	Ath.
01.12.2.0	Blómarækt	0,5	0	28.000	
01.23.0.1	Svínarækt < 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	0	112.000	
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	0,5	0	47.250	
01.25.2.0	Loðdýrabú	0,5	0	47.250	
01.25.9.0	Kanínurækt	0,25	0	21.438	
01.42.0.2	Kattahótel	0,25	0	14.000	
05.02.2.1	Kræklingaeldi	0,5	0	49.875	
14.21.0.0	Malar- og sandnám, vikurnám. Langtíma starfsemi	0,25	0	24.938	
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	1	0	91.000	
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	0,5	0	45.500	
14.50.0.0	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	1	0	91.000	
15.11.0.1	Sláturhús < 50 t/dag	1	0	103.250	
15.11.0.2	Lítið sauðfjár- og geitasláturhús	0,5	0	42.875	
15.12.0.1	Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	1	0	94.500	
15.12.0.1	Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	0,5	0	47.250	
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil, mengunareftirlit eingöngu	0,25	0	21.438	
15.13.0.2	Kjötvinnsla, miðlungs, mengunareftirlit eingöngu	0,5	0	42.875	
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	1	0	108.500	
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	0,5	0	54.250	
15.13.0.41	Kjötvinnsla með reykingu, lítil, mengunareftirlit eingöngu	0,25	0	27.125	
15.13.0.5	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	2	0	287.000	
15.13.0.51	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs, mengunareftirlit eingöngu	0,5	0	54.250	
15.13.0.6	Kjötvinnsla með reykingu, stór	3	0	456.750	
15.13.0.6	Kjötvinnsla með reykingu, stór, mengunareftirlit eingöngu	1	0	152.250	
15.13.0.7	Kjötpökkunarstöð	2	0	217.000	
15.20.2.0	Saltfiskverkun, lítil	0,5	0	31.938	
15.20.2.1	Saltfiskverkun, miðlungs	1	0	63.875	
15.20.3.0	Sildarsöltun, lítil	0,5	0	31.938	
15.20.3.1	Sildarsöltun, miðlungs	1	0	63.875	
15.20.4.1	Heitloftspurrkun fiskafurða	1	0	63.875	
15.20.5.0	Harðfiskverkun	0,5	0	31.938	
15.20.5.1	Hrognavinnsla lítil	0,25	0	15.969	
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	0,5	0	36.750	
15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	0	82.250	
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	0	108.500	
15.20.7.1	Fiskimjölsverksmiðjur (framleiðsla > 500 t/sólarhring og í strjálbýli; og minni verksmiðjur í þéttbýli)	1	0	231.000	
15.20.7.2	Fiskimjölsverksmiðjur (framleiðsla > 500 t/sólarhring og í þéttbýli)	1	0	301.000	
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	1	0	82.250	
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	1	0	108.500	
15.20.8.2	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	2	0	252.000	
15.20.9.0	Önnur ótalin fiskvinnsla	1	0	56.000	
15.31.0.0	Kartöfluvinnsla - pökkun	0,25	0	12.906	
15.31.0.1	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	1	0	82.250	
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautagerð	1	0	91.000	
15.33.0.10	Sultu- og ávaxtagrautagerð takmörkuð starfsemi lítinn hluta árs	0,5	0	19.250	
15.33.0.2	Salatgerð	1	0	91.000	
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	1	0	82.250	
15.5.1.0.2	Ostagerð, umhverfiseftirlit eingöngu	0,5	0	41.125	
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð	1	0	143.500	
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð, umhverfiseftirlit eingöngu	0,5	0	45.500	
15.51.0.1	Mjólkurbú	1	0	134.750	

Ísat-nr.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Fjöldi sýna innfalinn	Árlegt eftirlits- gjald, kr.	Ath.
15.51.0.1	Mjólkurbú, umhverfiseftirlit eingöngu	0,5	0	41.125	
15.51.0.2	Ostagerð, lítil	1	0	61.250	
15.52.0.0	Ísgerð	1	0	134.750	
15.52.0.0	Ísgerð, umhverfiseftirlit eingöngu	0,5	0	41.125	
15.61.0.1	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	0,25	0	27.125	
15.61.0.2	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	1	0	108.500	
15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs	0,5	0	28.000	
15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	0,25	0	14.000	
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	0	91.000	
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	0	108.500	
15.82.0.2	Kökugerð, lítil	1	0	69.125	
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	0	126.000	
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	0,5	0	26.688	
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	0,5	0	25.813	
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	0,5	0	30.188	
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	0	86.625	
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	0	117.250	
15.88.0.0	Framleiðsla mjólkurdufts	1	0	126.000	
15.89.0.0	Framleiðsla annarra matvara	1	0	91.000	
15.89.0.0	Framleiðsla annarra matvara	0,5	0	45.500	
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	0	126.000	
15.96.0.0	Bjórgerð	1	0	126.000	
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja	1	0	108.500	
15.98.0.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	1	0	56.000	
17.10.0.1	Ullarþvottastöðvar	0,5	0	36.750	
17.52.2.0	Veiðarfæragerð, netaverkstæði	0,5	0	36.750	
20.20.0.2	Meindýravarnir	0,25	0	18.375	
20.30.9.1	Trésmiðaverkstæði með lökkun	0,5	0	38.938	
20.30.9.2	Trésmiðaverkstæði án lökkunar	0,5	0	34.563	
20.30.9.3	Trésmiðaverkstæði án lökkunar, lítil	0,25	0	17.281	
22.21.0.0	Prentun dagblaða	0,25	0	31.500	
22.22.1.0	Offsett- og hæðarprentun	1	0	82.250	
22.22.2.0	Sáldprentun	1	0	82.250	
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,5	0	38.500	
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	0	47.250	
22.22.9.4	Prentiðnaður með framköllun	0,5	0	47.250	
24.11.0.0	Framleiðsla á iðnaðargasi	2	0	120.750	
24.20.0.1	Garðaúðun	0,5	0	36.750	
24.52.0.05	Snyrtivöruframleiðsla, ekki samfelld starfsemi	0,25	0	14.000	
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, lítil	0,25	0	26.031	
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, miðlungs	0,5	0	43.313	
25.13.0.1	Gúmmívinnsla	0,25	0	15.094	
25.21.0.1	Plastiðnaður	0,5	0	34.563	
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	0	34.563	
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasi	1	0	56.000	
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasi	0,5	0	28.000	
25.24.1.0	Framleiðsla plastvöru fyrir sjávarútveg	0,5	0	28.000	
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	0	10.719	
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði	0,25	0	10.719	
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,25	0	15.094	
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu - lítið umfang	0,25	0	19.469	
26.63.0.1	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu- miðlungs umfang	0,5	0	38.938	
26.70.0.0	Steinsmiði	0,25	0	13.125	
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	0	126.000	
28.51.0.0	Meðferð og húðun málna	0,5	0	38.938	

Ísat-nr.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Fjöldi sýna innfalinn	Árlegt eftirlits- gjald, kr.	Ath.
28.52.0.1	Blikksmiði	0,25	0	14.000	
29.11.0.0	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	0	41.125	
29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmiði	0,25	0	26.031	
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,25	0	15.094	
35.11.0.1	Stálsmiði og stálskipagerð	1	0	147.875	
37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs	0,5	0	49.875	
37.20.0.2	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,25	0	11.813	
37.20.0.3	Seyrugryfjur, endurvinnsla úrgangs	0,5	0	23.625	
37.20.0.4	Jarðboranir	1	0	47.250	
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	0	15.094	
40.10.0.2	Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	1	0	82.250	
40.10.0.3	Virkjanir	0,5	0	49.875	
40.10.0.3	Virkjanir og orkuveitur >10 MW	1	0	99.750	
40.10.0.4	Varaflsstöðvar með olíubirgðir < 1.600 l	0,5	0	49.875	
40.10.0.4	Varaflsstöðvar með olíubirgðir > 1.600 l	1	0	99.750	
40.33.1.0	Hítaveita	0,5	0	41.125	
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.001-10.000 íbúa	7	7	568.750	2
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa	5	4	416.000	2
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	5	4	416.000	2
41.00.0.7	Vatnsveitur 151-500 íbúa	3	2	236.000	2
41.00.0.8	Vatnsveitur vegna matvælavinnslu, ferðaþjónustu eða < 150 íbúa	0,5	0,5	45.000	2
41.00.0.9	Vatnsveitur < 150 íbúa	1	1	90.000	2
45.03.0.0	Lagning gólf- og veggefna	0,5	0	32.375	
50.20.0.10	Bón- og bílaþvottur, handvirk	0,5	0	28.000	
50.20.0.11	Ryðvarnarverkstæði	0,5	0	63.438	
50.20.0.12	Smurstöðvar	0,5	0	56.438	
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða eigin véla	1	0	69.125	
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	0	34.563	
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	0	34.563	
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5	0	41.125	
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	0	45.500	
50.20.0.4	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	0	45.063	
50.20.0.5	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	0	49.438	
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	0	45.063	
50.20.0.8	Bifreiðaréttingar	0,25	0	15.969	
50.20.0.9	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	0	32.375	
50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5	0	52.500	
50.30.0.2	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5	0	70.000	
50.30.0.3	Bílapartasölur	0,5	0	49.875	
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	0	73.500	
50.50.0.1	Bensínstöðvar aðrar	1	0	99.750	
50.50.0.2	Eftirlitsskyldir eldsneytistankar	0,5	0	23.625	
51.17.1.0	Umboðsverslun með fisk	1	0	73.500	
51.17.2.0	Fiskmarkaðir	0,5	0	34.563	
51.17.2.1	Fiskmarkaðir, án vinnslu	0,25	0	17.281	
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	0,5	0	36.750	
51.31.0.0	Heildverslun með drykkjarvöru, lítil	0,5	0	23.625	
51.39.0.1	Heildverslun með matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	1	0	73.500	
51.39.0.2	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	1	0	143.500	
51.55.0.2	Verslun með vörur sem innihalda eitrefni og hættuleg efni	0,5	0	49.875	
51.57.0.1	Verslun með vörur sem innihalda eitrefni og hættuleg efni	0,5	0	56.438	
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	0	112.875	
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	0,5	0	56.438	
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	0	36.750	
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	1	0	248.500	

Ísat-nr.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Fjöldi sýna innfalinn	Árlegt eftirlits- gjald, kr.	Ath.
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	1	0	204.750	
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	0	95.375	
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum)	1	0	147.875	
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	1	0	182.875	
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	0	73.500	
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	0	108.500	
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	1	0	143.500	
52.11.3.0	Tóbakssala	1	0	25.380	
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	1	0	47.250	
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla, t.d. apótek	0,5	0	23.625	
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	1	0	56.000	1
52.11.3.3	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	1	0	91.000	1
52.11.3.4	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	1	0	108.500	1
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1	0	73.500	
52.23.0.2	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	0	91.000	
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	0	60.375	
52.23.0.5	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1	0	69.125	
52.24.0.1	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	1	0	60.375	
52.24.0.2	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	1	0	91.000	
52.24.0.3	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	0	99.750	
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	0	30.188	
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	0	91.000	1
52.31.0.0	Apótek	0,5	0	45.500	
52.31.0.1	Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Austurlandi	0,25	0	16.188	
52.49.1.0	Gæludýraverslun	0,25	0	29.313	
52.62.0.0	Markaðir	1	0	73.500	
52.62.0.01	Markaðir, litlir eða mjög stuttur tími	0,5	0	17.500	
52.62.0.1	Götuleikhús og tívolí	1	0	56.000	
55.12.0.1	Sala á gistingu án veitingasölu, lítil (< 16 gestir með eða án aðgangs að heimiliseldhúsi)	0,5	0	30.188	
55.12.0.2	Sala á gistingu án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir, með eða án aðgangs að eldhúsi)	0,5	0	36.750	
55.12.0.25	Sala á gistingu án veitingasölu, miðlungs (51-100 gestir, með eða án aðgangs að eldhúsi)	0,5	0	38.938	
55.12.0.3	Sala á gistingu án veitingasölu, stór (> 100 gestir)	0,5	0	41.125	
55.12.0.4	Starfsmannabústaðir, litlir (< 16 manns)	1	0	60.375	
55.12.0.4	Starfsmannabústaðir, litlir (< 16 manns)	0,5	0	30.188	
55.12.0.5	Starfsmannabústaðir, miðlungs (17-50 manns)	1	0	73.500	
55.12.0.5	Starfsmannabústaðir, miðlungs (17-50 manns)	0,5	0	36.750	
55.12.0.6	Starfsmannabústaðir, stórir (> 100 manns)	1	0	82.250	
55.14.0.1	Starfsmannabúðir < 16 manns	1	0	99.750	
55.14.0.2	Starfsmannabúðir 17-50 manns	1	0	117.250	
55.14.0.3	Starfsmannabúðir, 51-100 manns	1	0	134.750	
55.14.0.4	Starfsmannabúðir 101-500 manns	1	0	143.500	
55.14.0.5	Starfsmannabúðir 501-1.000 manns	1	0	161.000	
55.21.0.1	Fjallaskálar, heilsársnotkun	0,5	0	28.000	
55.21.0.2	Fjallaskálar, sumarnotkun	0,25	0	14.000	
55.22.0.1	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	0,5	0	25.375	
55.22.0.2	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5	0	28.000	
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	0,5	0	36.750	
55.23.0.1	Orlofshúsa- eða sumarhúsasvæði - eftirlit vegna leikvalla og fráveitu	1	0	82.250	
55.23.0.2	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting	0,5	0	28.000	
55.30.1.0	Matsölustaðir/veitingastaðir, litlir (allt að 25 gestir)	1	0	73.500	1

Ísat-nr.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Fjöldi sýna innfalinn	Árlegt eftirlitsgjald, kr.	Ath.
55.30.1.1	Matsölustaðir/veitingastaðir, litlir (26-50 gestir)	1	0	94.500	1
55.30.1.2	Matsölustaðir/veitingastaðir, miðlungs (51-100 gestir)	1	0	126.000	1
55.30.1.3	Matsölustaðir/veitingastaðir, stórir (> 100 gestir)	1	0	143.500	1
55.30.1.4	Sala á einföldum veitingum. Engin matreiðsla og að hámarki 25 stíg skv. áhættuflokkun (t.d. morgunverður eingöngu < 50 gestir)	0,5	0	35.000	1
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	0	73.500	1
55.30.1.8	Brauðstofur	1	0	99.750	
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	1	0	60.375	
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	0,5	0	30.188	
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir)	1	0	70.000	
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	0	16.188	
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi, ekki samfelld starfsemi	1	0	91.000	
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi, ekki samfelld starfsemi	0,5	0	45.500	
55.40.0.5	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi, ekki samfelld starfsemi	0,5	0	45.500	
55.51.0.01	Mötuneyti lítið fyrir < 16 gesti, ekki fullbúið mötuneyti	1	0	73.500	
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir	1	0	91.000	
55.51.0.11	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (17-50 gestir)	1	0	91.000	
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1	0	108.500	
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (101-500 gestir)	1	0	178.500	
55.51.0.32	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (501-1.000 gestir)	0	0	196.000	
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	1	0	69.125	
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1	0	91.000	
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (> 100 gestir)	1	0	108.500	
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	0	73.500	
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	0	91.000	
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	1	0	126.000	
60.21.0.1	Bið- og endastöðvar strætisvagna	0,25	0	11.813	
60.22.0.1	Biðstöðvar leigubifreiða	0,25	0	11.813	
60.23.0.0	Aðrir farþegaflutningar á vegum	0,5	0	23.625	
60.24.3.0	Akstur flutningabíla	1	0	73.500	
63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar	0,5	0	32.375	
63.12.0.2	Vörugeymslur, miðlungs	0,5	0	45.500	
63.12.0.3	Vörugeymslur, stórar	1	0	108.500	
63.12.0.4	Fyrirtæki sem geyma klórgas	0,25	0	18.375	
63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur, litlar	0,25	0	9.625	
63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur, stórar	0,5	0	19.250	
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	0	77.000	
63.21.0.2	Vöruflutningamiðstöðvar, litlar	0,5	0	36.750	
63.23.0.1	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	0	56.438	
63.23.0.2	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	0	34.563	
63.23.0.3	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,5	0	28.000	
74.81.0.1	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	0,5	0	34.563	
74.81.0.2	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	0	34.563	
75.23.0.1	Fangelsi, lítið	0,5	0	28.000	
75.23.0.2	Fangelsi, lítið	1	0	108.500	
75.25.0.0	Slökkvilið	0,25	0	18.375	
75.25.0.1	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25	0	15.094	
80.10.0.1	Grunnskólar	1	0	91.000	
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám, án mötuneytis	0,5	0	36.750	
80.22.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám, án mötuneytis	0,5	0	43.313	
80.22.0.4	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	1	0	143.500	
80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi, án mötuneytis	0,5	0	49.875	
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	0	16.188	
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,5	0	32.375	

Ísat-nr.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Fjöldi sýna innfalinn	Árlegt eftirlits- gjald, kr.	Ath.
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	0	16.188	
85.11.1.1	Deildaskipt sjúkrahús, lítið	0,5	0	49.875	
85.11.1.1	Deildaskipt sjúkrahús, lítið	0,25	0	24.938	
85.11.2.0	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðipjónustu	0,5	0	49.875	
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	0	32.375	
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil	0,5	0	38.938	
85.11.4.4	Vistheimili	0,5	0	34.563	
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,25	0	17.281	
85.12.2.1	Læknastofur, heilsugæslusel og sjúkrastofur	0,25	0	15.094	
85.12.2.2	Læknahús með aðgerðarstofum	1	0	60.375	
85.12.2.2	Læknahús með aðgerðarstofum	0,25	0	15.094	
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,25	0	15.094	
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,25	0	15.094	
85.14.3.2	Rannsóknarstofur	0,25	0	15.094	
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	0	30.188	
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	0	15.094	
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	0	15.094	
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	0	69.125	
85.14.9.5	Húðgötun	1	0	69.125	
85.14.9.51	Húðgötun, aðeins eyru	0,25	0	17.281	
85.20.0.1	Dýralæknastofur án röntgen	0,25	0	14.000	
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	0,5	0	30.188	
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	0	41.125	
85.20.0.4	Dýragæsla	0,25	0	20.563	
85.20.0.5	Dýrasnyrtistofur	0,25	0	20.563	
85.20.0.6	Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar	0,5	0	41.125	
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglunga	0,5	0	30.188	
85.31.3.1	Dvalarheimili fyrir aldraða	1	0	60.375	
85.32.1.0	Leikskólar	1	0	82.250	
85.32.1.1	Dagmómmur með 6 börn eða fleiri	0,5	0	38.938	
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	1	0	99.750	
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	0,5	0	49.875	
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	0	38.938	
85.32.6.11	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi (ekki samfelld starfsemi)	1	0	86.625	
90.00.0.1	Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe	2	0	199.500	
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	0	69.125	
90.00.0.21	Fráveitur þéttbýliskjarna < 2.000 pe	1	0	70.000	
90.00.0.22	Fráveitur þéttbýliskjarna > 2.000 pe	1	0	87.500	
90.00.0.4	Gámavöllur, móttaka úrgangs	1	0	77.875	
90.00.0.41	Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill	0,5	0	38.938	
90.00.0.42	Móttaka, flokkun og forvinnsla málma o.þ.h. til endurvinnslu	1	0	108.500	
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	0	38.938	
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	0,5	0	38.938	
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	0,25	0	14.000	
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	0	34.563	
91.31.1.0	Kirkjur/bænahús, lítil notkun > 6 x á ári	0	0	0	
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	0	15.094	
91.31.1.2	Kirkjur með safnaðarheimili með móttökueldhúsi	0,5	0	38.938	
91.33.0.0	Önnur ótalin félagastarfsemi	0,5	0	28.000	
91.33.0.0	Önnur ótalin félagastarfsemi	0,25	0	14.000	
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,25	0	21.656	
92.53.0.1	Húsdýragarðar	0,25	0	16.406	
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	0	69.125	3
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsi)	2	0	138.250	3

Ísat-nr.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Fjöldi sýna innfalinn	Árlegt eftirlits- gjald, kr.	Ath.
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir (eða miðlungs tengdir íþróttahúsi)	2	0	173.250	3
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	0	34.563	3
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	1	0	86.625	3
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	0	104.125	3
92.61.0.7	Íþróttavellir	0,25	0	15.094	
92.61.0.8	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	0	19.469	
92.62.0.1	Hestahald	0,25	0	12.906	
92.62.0.1	Hestaleigur og reiðskólar	0,5	0	25.813	
92.72.0.1	Skotvellir	0,5	0	32.375	
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	0	34.563	
93.01.0.1	Þvottahús	0,25	0	15.094	
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	0	34.563	
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	0	34.563	
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,25	0	15.094	
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	0	30.188	
93.02.0.3	Baðhús	0,5	0	30.188	3
93.02.0.31	Baðhús með heitum potti	1	0	60.375	3
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	0	30.188	
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1	0	69.125	
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	0	73.500	
93.04.0.4	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	0	60.375	3
93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	1	0	69.125	3
93.04.0.6	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	1	0	73.500	3
93.04.0.7	Sólbaðstofur án heitra potta	0,5	0	30.188	
93.04.0.8	Sólbaðstofur með heitum pottum	1	0	64.750	3
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	0	30.188	
97.00.0.2	Almenningssalerni	0,5	0	23.625	

## Athugasemdir

- 1 Ef seldur er ís úr vél bætist við eftirlitsgjaldið eitt sýnatökugjald fyrir hverja ísvél.
- 2 Sýntaka innifalinn í samræmi við lágmarkskröfur í neysluvatnsreglugerð - aukasýni ef vatn er geislað.
- 3 Sýnatökukostnaður, þ.e. eitt sýnatökugjald á pott eða laug bætist við eftirlitsgjald.